2. *Sjóðir, sem taka á sig lifeyrissjóða áhættu vegna kaupjaldsþróumar.* Algengast er, að hjá þessari tegund lifeyrissjóða sé lífeyrir miðaður við meðaltal launa síðustu 5 eða 10 starfarsjóða sér. Sjóðurinn tekur því á sig áhættuna af kauphækkunum, sem átt hafa sér stað fyrir á starfs-ævinni, en á hinum hóginm breytist lifeyrir ekki eftir að einu sinni er búið að úrskurða hann. Þetta form er algengast meðal lífeyrissjóða, sem hlótast hafa staðfestingu fíarmálaráðuneytisins.

### 3. Sjóðir, sem taka á sig ótakmarkaða áhættu vegna kaupgjaldsþróunar.

Sjóðir af þessu tagi greiða lífeyri í hlutfalli við laum, eins og þau eru á hvernigum tíma. Slíkri fullkominni samræmingu lífeyris og kaupgjalds fylgja yfirleitt ákvæði um ábyrgð vinnuveitanda á hlutaðeigandi sjóði og árlegar greiðslur til sjóðsins umfram iðgjöld. Sem dæmi má nefna Lifeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lifeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Ár-ið 1968 námu iðgjaldagreiðslur vinnuveitenda (rikissjóðs og ríkistofnunna) til fyrrnefnda sjóðsins um 53 milljónum kr., en framlag vegna ábyrgðarinnar 34 milljónir kr., og hefur síðarnefnda fjárhæðin farið hlutfallslega vaxandi ár frá ári. Nýlega hefur verið stofnaður einn lífeyrissjóður þessarar tegundar, en án bakáhyrgðar, og er ætlunin, að með til-tölulega lágum lífeyrissjóðslum og betri ávöxtun en tilkast hja öðrum sjóðum verði sjóðnum gert kleift að standa við skuldbindingar sínar.

Svo getur farið, að sameignarsjóður reynist ófær um að standa við skuldbindingar sínar, og er því nær undantekningarlæst ákvæði í reglugerðum sjóðanna þess efnis, að lækka skulu lífeyrissjóðslur hlutfallslega, ef síkar aðstæður eru fyrirsjáanlegar og ekki verður aflað aukina tekna til eflingar hlutaðeigandi sjóði. Hættan á, að gripa þurfi til síkra ráðstafana er auðvitað meiri, því háðari sem sjóðurinn er kaupgjaldsþróuninni. En þótt til langframa verði ekki úr neinum sjóði tekið meira en inn hefur komið í iðgjöldum og vöxtum, e. t. v. að viðbættum aukaframlöggum, skiptir það lífeyrissþega nokkrum hvort lífeyrir helzt óbreyttur að krónutölu eða breytist nokkurn veginn í hlutfalli við laun.

Nefndin telur, að sjóðir þeir, sem nú verða stofnaðir, hljóti að verða sameignarsjóðir, þar eð ella muni þeir ekki geta gegnt á viðunandi hátt því hlutverki, sem krafist verður af þeim í framtíðinni.

Um það verður ekki deilt, að aðstaða þeirra, sem fá lífeyri sinn verðtryggðan eða í samræmi við launakjör, eins og þau eru á hverjum tíma, er ósambærileg við það að fá lífeyri, er einungis miðast við krónutölu iðgjala og aldur sjóðfélaga, er þau voru imt af hendri. Nefndinni er ljóst, að með þeim tekjum, sem sjóðnum eru ætlaðar, yrði að gera ráð fyrir mjög lágum bótum, ef verulegar likur ættu að vera fyrir því, að þeir gætu staðið við ákvæði um fulla verðtryggingu. Í tillögum sinum hefur hún horfið frá því ráði að gera ráð fyrir takmarkaðri og tímabundinni verðtryggingu, er fari eftir því, hve traustur fjárhagur sjóðanna reynist, svo og þeim ráðstöfunum, er síðar kumna að verða gerðar til að eftirlá.

### IV. Stofnun hinna nýju sjóða og starfsundirbúningur

Nefndin hefur gert ráð fyrir, að stofnum hinna nýju sjóða og undirbúningur að starfi þeirra verði með eftirfarandi hætti:

1. *Iðgjaldagreiðslur.* Eins og aður er sagt, skyldu greiðslur iðgjalda samkvæmt samningum frá 19. maí hefjast 1. janúar 1970. Um gjaldstofninn var kveðið svo á í 3. málsg. 10. gr.: „Iðgjald greiðist af daginnutekjum eða því, sem svarar til dagkaups, án álags vegna ákvæðis, bónuskerfis eða þess háttar, nema um annað semjist eftir nánari reglum sem sjóðsstjórnir setja.“

Nefndin taldi nauðsynlegt, að nánar yrði kveðið á um iðgjaldagreiðslur, aður en vinnuveitendur færur að halda eftir iðgjöldum af kaupi startsmanna enda munu sammingsaðilar með niðurlagi 3. málsg. 10. gr. hafa tjáð vilja sinn til að semja nánar um þetta atriði. Beitti nefndin sér fyrir því, að skipuð væri undirnefnd í því skyni, og að fengnum tillögum hennar birtu samtökum skóðummu fyrir jól sameiginlega tilkynningu um, hvemig vinnuveitendur ættu að reikna iðgjöld þau, sem þeim bæri að halda eftir og greiða framlag á móti sjálfir.

2. *Skil iðgjalla til sjóðanna:* Nefndin hefur gert ráð fyrir, að skil vinnuveitenda á lífeyrissjóðsíðiðgjöldum ættu sér stað mánaðarlega innan 10 daga frá lokum hvers mánaðar. Par sem ljóst var, að undirbúningi að stofnum sjóðanna yrði ekki svo langt komið fyrir 10. febrúar, að þeir gætu veitt iðgjaldagreiðslum viðtöku, taldi nefndin aeskilegt, að vinnuveitendur legðu iðgjöld janúarmánaðar inn á lokaðar bækur í bönkum eða sparisjóðum. Í janúarmánuði létt nefndin gera eyðuhlað fyrir skilagreinar vinnuveitenda ásamt ítarlegum leiðbeiningum um framkvæmd þeirra reglna um iðgjaldagreiðslur, sem um var samið í desember.

3. *Skipun bráðabrigðastjórn.* Nefndin taldi nauðsynlegt, að sem fyrst fengist í höfuðdráttum úr því skorið, hvernig aðild einstakra stéttarfélaga að hinum nýju sjóðum yrði háttáð, þ. e. hve margir sjóðumir yrfð og hverjir yrðu sjóðfélagar hvers þeirra fyrir sig. Þá bæri nauðsyn til að skipa bráðabrigðastjórn fyrir hvern sjóð, og hefði hún eftirfarandi hlutverk:
  - Að koma á fót skrifstofu eða fá gjaldkera, er annist innheimtu iðgjaldara og veiti viðtöku skilagreinum vinnuveitenda.
  - Að sjá um frágang reglugerðar fyrir hlutaðeigandi sjóð og fá hana staðfesta hjá fjármálaráðuneytinu. Staðfesting fjármálaráðuneytis er

- skilyrði fyrir því, að iðgjöld launþega og vinnuveitenda séu frádráttar.
- c. Að vinna að framkvæmd laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stettanfögum, en frumvarp um það efni, sem lagt hefur verið fram á Alþingi og er í samræmi við yfirlýsingu ríkistjórmanna í samhandi við samninginn frá 19. maí, verður væntanlega afgreitt sem lög mjög bráðlega.

Umboð bráðabirgðastjórnar fellur niður, er reglugerð sjóðsins hefur hlutið staðfestingu og ný stjórn hefur verið skipuð samkvæmt ákvæðum hennar.

#### V. Tillaga að reglugerð

##### A. Almennar athugasemdir

Nefndin hefur talið það vera meginverkefni sitt í sambandi við undirbúnинг að stofnun hinna nýju lifeyrissjóða að gera tillögur um reglugerð, er gilt gæti fyrir sjóðina, e. t. v. með minni háttar breytingum vegna aðstæðna. Hefur hún viljað vanda til þessara tillagna, en taku ekki að óat-huguðu máli upp ákvæði úr reglugerðum annarra lifeyrissjóða.

Reglugerðir langflestra lifeyrissjóða eru við það miðaðar, að sjóðfélagar berra séu í fastri stöðru, venjulega mánaðarkaupsmenn, sem samfleyrt og til langframa vinni hja sama vinnuveitanda. Í sjóðum fyrir starfsgreinar, þar sem tengsl launþega og vinnuveitanda eru að jafnaði lausari og iðgjaldagreiðslur stopulli, hefur stundum verið valin sú leið að hafa séreignaskipulag eða sú tilhögun, að hver iðgjaldagreiðsla veiti tiltekinn lífeyrissrétt í krónutölu, sbr. III. kafla hérlaði framan. Í meðfylgjandi til-lögum hefur nefndin leitazt við að móta reglur, er hafi í fior með sér sem heilsteypista og samfelltasta tryggingu fyrir allan þorra sjóðfélaga, þótt um sé að ræða lausráðið fólk, sem oft skipir um vinnustað og á þá á hættu að missa úr starfistímabil, og fólk, sem oft hefur stopulli vinnu og lægri rauntekjur síðustu starfisárin en fyrr á ævinni, gagnstætt því, sem á við um fastlaunafólk. Verður nánar að þessu vikið í athugasemdum við einstakar greinar.

##### B. Athugasemdir við einstakar greinar

###### Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar þarfnaðast ekki skýringa.

#### Um 3. gr.

Í 10. gr. samningsins frá 19. maí er kveðið svo á, að iðgjöld til lifeyrissjóða skuli greidd af öllu verkafólk 16 ára og eldri. Nefndin gerir ráð fyrir að iðrönmar fái aðild að lifeyrissjóðum þeirra sveinafélaga sem annast samninga um kaup þeirra og kjör. Þá þykir henni rétt, að í reglugerð verði 16 ára markið miðað við mánaðarmót, þannig að enginn verði sjóðfélagi fyrr en eftir lok þess almanaksmánaðar, er hann nær 16 ára aldri.

Með orðunum „viðurkenndir launataxtar“ í 1. málsg. eru hafðir í huga staðir og starfsgreinar viðs vegar um landið, þar sem ekki er formlega gengið frá samningum, en báðir aðilar, launþegar og vinnuveitendur, eru sammála um að nota launataxla félaga, sem voru aðilar að samningnum frá 19. maí. Má gera ráð fyrir ýmsum vafatriðum við framkvæmd þessa ákvæðis, en nefndin væntir þess, að sjóðurinn stuðli í þessu efní að sem hagkvæmasti tillögun.

Í 8. gr. samningsins frá 19. maí segir m. a. svo:

Lifeyrissjóðir, sem nú starfa á vegum einstakra fyrirtækja, starfa áfram meðlinum stéttarfélaga í þeim starfsgreinum, sem lifeyrissjóðir þessir nú taka til, með sama hætti og verið hefur. Meðlimir stéttarfélaga í öðrum starfsgreinum sílksra fyrirtækja koma hins vegar í lifeyrissjóði á félagsgrundvelli. Par sem fyrirtækjasjóðir taka til allra starfsmanna fyrirtækis, skulu nýir starfsmenn þess gerast aðilar að lifeyrissjóði fyrirtækisins.“

Ákvæði reglugerða fyrirtækjasjóða um aðild starfsmanna eru með ýmsum hætti, og hefur reynzt erfitt að setja skyr mörk milli stéttarfélagajóða og fyrirtækjasjóða, en aðskilegt er, að engin óvissa sé um, hvaða sjóði starfsmáður á að tilheyra, er hann gengur í þjónustu fyrirtækis, né með hvaða skilyrðum starfsmáður má og skal flytast milli sjóða, ef staða hans hjá fyrirtækini breyst. Í 2. málsg. 3. gr. er leitazt við að orða slik ákvæði í samræmi við það, sem um var samið, shr. framangreind ákvæði samningsins. Þess eru nokkur dæmi, að einstakir starfsmenn, sem stöðu sinnar vegna hafa átt að vera í sjóði fyrirtækis, hafa fengið undanþágu frá háttíoku og í staðinn verið félagar í stéttarfélagssjóði. Í bráðabirgðarákvæðum er sílksum mónum tryggð undanþága áfram.

Í 8. gr. samningsins er ákvæði um heimild fyrir vinnuveitendur til að

gerast sjóðfélagar í lifeyrissjóði starfsgreinar sínnar á sama hátt og třok-  
azt hefur. Í 3. málsg. 3. gr. hefur nefndin gengið lengra þar eð atvinnurek-  
endum er veitt heimild til þáttíðku, hvort sem heir hafa starfsólk í þjón-  
ustu sinni eða eru einfyrkar. Þá hefur nefndin sett í 4. málsg. ákvæði um  
heimild fyrir stjórn sjóðs til að leyfa samtökum launþega og vinnuveit-  
enda að tryggi starfsmenn sína í sjóðnum.

#### Um 4. gr.

9. gr. samningsins frá 19. maí segir svo:  
„Stjórnir lifeyrissjóða samkvæmt 1. mgr. 8. greinar skulu skipaðar fjór-  
um fulltrúum, tveim tilnefndum af stéttarfélögum þeim, sem í hlut eiga, og  
tveim tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands.“

Nauðsynlegt er, að það komi skýrt fram í reglugerð, hvernig tilnefni-  
ngu fulltrúa stéttarfélaga í stjórn sjóðsins skulu hagað þegar tvö eða fleiri  
stéttarfélög standa að sjóði. Um þetta efni skírkotast til athugasemda  
við 5. gr.

#### Um 5. gr.

Par sem eitt stéttarfélag eða landssamband stendur að lifeyrissjóði, gefst  
tækifæri til að ræða nálefní sjóðsins og taku afstöðu til þeirra á fundum  
þessara samtaka. Nefndin telur eðilegt, að í reglugerð sé kveðið á um  
sameiginlegan vettvang í þessu skyri, þar sem tvö eða fleiri félög standa  
að sjóði. Telur hún æskilegt, að þá verði haldnir árlegir fulltrúafundir  
stéttarfélaganna, er hafi þau verkefni, sem nefnd eru í 4. málsg.

#### Um 6. gr.

Grein þessa þarf ekki að skyrra.

#### Um 7. gr.

Um verðtryggingarákvæði 2. málsg., sbr. 15. gr., skírkotast til þess,  
sem drepið var á í lok III. kafla héru að framan. Orðalag 2. málsg. miðast  
við, að ekki sé einungis tekið tillit til traustleika sjóðsins, heldur sé einnig  
á það liði, hvort verðlagsuppbætur hafa teljandi áhrif á hag sjóðsins. Það  
er því hugsanlegt, að tryggingarfræðingur geri tillögur um takmarkaðar  
upphætur, meðan lifeyrispegar eru fáir og lifeyrisgreiðslur léttbærar,  
þótt hann teji fjárhag sjóðsins engan veginn tryggðan með tilliti til  
kauphækkaná í framtíðinni.

#### Um 8. gr.

Ákvæði 1. málsg. (tölliðir 1.4) eru í samræmi við kröfur, er fjármála-  
ráðuneytið gerir um tryggilega ávöxtun fjár lifeyrissjóða, sem það veitir  
staðfestingu. Nefndin hefur orðið sammála um ákvæði 2. málsg. um for-  
gangsrétt sjóðfélaga til lántöku og enn fremur, að vinnuveitendur, sem  
trygga starfstólk sitt í sjóðnum, skuli ganga fyrir öðrum atvinnurekend-  
um, ef sjóðstjórn ákveður að veita lán til atvinnutækja. Þá telur nefndin  
eðilegt, að hinir stærstu lifeyrissjóðir fái heimild til að eiga skrifstofu-  
ráðuneytið að gera breytingu á 34. gr. reglugerðar nr. 245 1963.

#### Um 9. gr.

Ákvæði 1.-3. tölliðar 1. málsg. eru í samræmi við samkomulag það,  
sem gert var í desembermánuði og getið er um í IV. kafla héru að framan.  
Rétt bykir að láta sjóðstjórnir um að setja reglur um, við hvaða tekjur  
skuli miða iðgjöld þeirra, sem nefndir eru í 3. og 4. málsg. 3. greinar.  
Er eðilegt, að iðgjöld þessara sjóðfélaga taki svipuðum hlutfallsbreyting-  
um og iðgjöld launþega skv. 2. málsg. 3. gr. og ennfremur getur verið á-  
stæða til að ákveða lágmark og hámark tekna, er miða skuli við. Að sjálf-  
sögðu þarf að ákveða slik mörk í hlutfalli við tiltekna kauplaxta en ekki í  
krónutölu, sem nauðsynlegt gæti reynzt að endurskoða að skömmum tíma  
liðnum.

#### Um 10. gr.

Markmiðið með því að umreikna iðgjöld hvers almanaksárs í stig er  
þyrst og frems til það, að áunnin réttindi fari eftir verðgildi iðgjaldanna,  
eins og það var, þegar þau voru innt af hendi. Sviðið má segja um þá al-  
gengu reglu, að lífeyrir fari eftir meðallaunum 5 eða 10 síðustu starfisár-  
anná, enda er þá venjulega um að ræða fastlaunamenn, sem fylgja tilteknu-  
um launaflokki eða flytjast smáum saman upp á við í launastigaranum. Þó er  
ljóst, að þessi meðallaunaregla veitir hlutfallslega meiri rétt miðað við ið-  
gjaldageiðslur þeim starfsmönnum, sem fá verulegar flokksþækkanir, en  
hinum, sem e. t. v. taku laun samkvæmt sama launaflokkí allan starfistíma  
sinn.

Nefna má eftirfarandi kosti við stigakerfið:

- Misræni í réttindum myndast ekki, þótt innan sama sjóðs séu menn,  
sem ýmist hafa jafnar tekjur yfir ævina, stöðugt hækkandi tekjur eða  
tekjur, sem verða hæstar um miðbik starfsævinnar, en fara lækkandi  
síðustu starfsárin.

- b. Tiltekin fjárhæð iðgjálda á einu almanaksári veitir sama rétt, hvort sem um er að ræða starf allt árið eða hluta úr því. Þannig veitir ársstarf á hálfum launum sama stigatjölda og hálfs árs starf á fullum launum.
- c. Skjóti með sér undan iðgjaldagreiðslum eða greiði lægri iðgjöld en þeim raunverulega ber, hefur það óhákvæmilega í för með sér skert réttindi. Ennfremur þarf síður að vera á verði gagnvart óeðillegum iðgjaldahækkunum síðustu starfisárin en hjá sjóðum, er miða lífeyri við meðallaunu síðustu starfsárrna.
- d. Minni þörf verður fyrir flutninga milli sjóða, er menn skipta um starf, bar eðr áunnin stig geymast og veita sama lífeyrisrétt og þann, sem flutningur í annan hlíðstæðan sjóð mundi hafa í för með sér.

e. Stigauttreikningurinn veitir tækifær til að miða lífeyri við rauntekjur eftir því sem fírárhagur hlutaðeigandi sjóðs leyfir, og þótt síkt reynist ekki mögulegt í byrjun, er fyrir hendi nothæfur reikningsgrundvöllur, ef síðar yrði fárt að efla sjóðinn.

Sá launataxti, sem tiltekin er í 2. málsgri, er tekinn sem dæmi, þar eðr veija ber kauptaxta, er veitir sem réttasta mynd af kjarabreytingum hjá þeim stéttum sem aðild eiga að hlutaðeigandi sjóði. Tekið skal fram, að það er ekki hæð þess kauptaxta, sem valinn er, sem skiptir mál, heldur þær breytingar, sem á honum verða.

Algengt er hjá lífeyrissjóðum, að menn ávinni sér ekki réttindi eftir 70 ára aldur, en ákvæði 4. málsgri. er í samræmi við tilsvarandi ákvæði frumvarpsins um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

#### Um 11. gr.

Sá lágmarks iðgjaldagreiðslutími, sem krafist er samkvæmt 1. málsgri, til þess að sjóðfélagi öðlist rétt til ellifeyris, er styttri en almennt er hjá lífeyrissjóðum. Er ástæða til að ætla, að þetta ákvæði ásamt stigareglumini, sem tryggja á verðgildi áunninna réttinda til þess tíma, er takla lífeyris hefist, komi að verulegu leyti í veg fyrir, að fólk óski eftir endurgreiðslu iðgjalda og afsali sér þannig réttindum sínum.

Aldursmarkið 70 ár er í samræmi við þá reglu, sem gildir um lífeyrigrreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með svo háu aldursmarki eru meiri líkur en ella fyrir því, að sjóðnum reynist kleift að greiða upphætur á lífeyri samkvæmt 15. gr., og ennfremur verður auðveldara að koma síðar fram reglugerðarbreytingum, er miða að rýmkun réttinda, en takmarka réttindi, sem áður er búið að veita. Nefndinni er ljóst, að í sumnum starfsgreinum getur verið nauðsynlegt að

- hafa lægra aldursmark, og er því gert ráð fyrir heimild til að taka lífeyri allt að premur árum fyrir. Ennfremur má fresta töku ellifeyris, slr. 4. málsgri.

Ákvæðið í 5. málsgri, um, að sjóðfélagi geti haldið áfram að ávinna sér réttindi eftir að taka ellifeyris er hafin, er óvenjulegt, en samskorar ákvæði er í frumvarpinu um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Í 2. málsgri. felst m. a., að sá, sem ávallt hefur greitt iðgjöld af grundvallaraunum eða í föstu hlutfalli við grundvallaraun, fær í ellifeyri 1,8% af meðallaunum síðustu 5 starfsárrna fyrir hvert iðgjaldagreiðsluárt allt að 30 árum.

#### Um 12. gr.

Í ýmsum lífeyrissjóðum fyrir fastlaunafólk er ekki gerð krafa um svo mikil orkutap sem hér er gert ráð fyrir. Í þeim sjóðum er hins vegar að öllum jafnaði auðvelt að synja kröfum um örorkulífeyri vegna minni háttar örorku, þar eða sýna má fram á, að sjóðfélaginn hafi haldið óskertum launum. Slik mál gætu hins vegar örðið erfiðari viðfangs í sjóðum þeim, sem þessi reglugerð er ætluð. Þess má geta, að í Noregi voru hugmyndir um að miða örorkulífeyri hins almenna lífeyriskerfis við 25% lágmarksorkutap, en horfið var frá því og í staðinn miðað við 50% lágmark, m. a. að ráði norskrá lækna, sem töldu 25% lágmark hljóta að valda erfiðleikum í framkvæmdum.

Algengast er nú, að því aðeins sé tekið tillit til framtíðarrettinda við úrskurðun örorkulífeyris, að rekja megi örorkuna til starfs sjóðfélagans. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun, og felst í þessu mikil réttarbót. Undantekning er þó gerð, ef rekja má orkutapið til ofnokunar átengis, deyfi- eða fíknilyfja, en gera má ráð fyrir, að örýrkjar, sem svo er ástatt um, verði óeðillega margin í sumum þeim sjóðum, sem hér um ræðir, þ. e. sjóðum með mikil af lausávinnufólkum innan vélbanda sínum.

#### Um 13. gr.

Ákvæðin um makalífeyri eru allfráhrugðin því, sem algengast er hjá íslenzkum lífeyrissjóðum. Gerður er munur á ekkjum og ekklum, en eins og sést af dænum þeim, sem synd eru í athugasemdum við 14. gr., verða heildargreiðslur samkvæmt 13. og 14. gr. eftirlifandi maka með börn, í mörgum tilvikum mun hærr til ekkla en ekkna, þótt ekkjum sé gert hærra undir höfði í 13. gr.

- b. Tiltekin fjárhæð iðgjálda á einu almanaksári veitir sama rétt, hvort sem um er að ræða starf allt árið eða hluta úr því. Þannig veitir ársstarf

á hálfum launum sama stigatjölda og hálfs árs starf á fullum launum.

c. Skjóti með sér undan iðgjaldagreiðslum eða greiði lægri iðgjöld en þeim raunverulega ber, hefur það óhákvæmilega í för með sér skert réttindi. Ennfremur þarf síður að vera á verði gagnvart óeðillegum iðgjaldahækkunum síðustu starfisárin en hjá sjóðum, er miða lífeyri við meðallaunu síðustu starfsárrna.

d. Minni þörf verður fyrir flutninga milli sjóða, er menn skipta um starf, bar eðr áunnin stig geymast og veita sama lífeyrisrétt og þann, sem flutningur í annan hlíðstæðan sjóð mundi hafa í för með sér.

e. Stigauttreikningurinn veitir tækifær til að miða lífeyri við rauntekjur eftir því sem fírárhagur hlutaðeigandi sjóðs leyfir, og þótt síkt reynist ekki mögulegt í byrjun, er fyrir hendi nothæfur reikningsgrundvöllur, ef síðar yrði fárt að efla sjóðinn.

Sá launataxti, sem tiltekin er í 2. málsgri, er tekinn sem dæmi, þar eðr veija ber kauptaxta, er veitir sem réttasta mynd af kjarabreytingum hjá þeim stéttum sem aðild eiga að hlutaðeigandi sjóði. Tekið skal fram, að það er ekki hæð þess kauptaxta, sem valinn er, sem skiptir mál, heldur þær breytingar, sem á honum verða.

Algengt er hjá lífeyrissjóðum, að menn ávinni sér ekki réttindi eftir 70 ára aldur, en ákvæði 4. málsgri. er í samræmi við tilsvarandi ákvæði frumvarpsins um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

#### Um 11. gr.

Sá lágmarks iðgjaldagreiðslutími, sem krafist er samkvæmt 1. málsgri, til þess að sjóðfélagi öðlist rétt til ellifeyris, er styttri en almennt er hjá lífeyrissjóðum. Er ástæða til að ætla, að þetta ákvæði ásamt stigareglumini, sem tryggja á verðgildi áunninna réttinda til þess tíma, er takla lífeyris hefist, komi að verulegu leyti í veg fyrir, að fólk óski eftir endurgreiðslu iðgjalda og afsali sér þannig réttindum sínum.

Aldursmarkið 70 ár er í samræmi við þá reglu, sem gildir um lífeyrigrreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með svo háu aldursmarki eru meiri líkur en ella fyrir því, að sjóðnum reynist kleift að greiða upphætur á lífeyri samkvæmt 15. gr., og ennfremur verður auðveldara að koma síðar fram reglugerðarbreytingum, er miða að rýmkun réttinda, en takmarka réttindi, sem áður er búið að veita. Nefndinni er ljóst, að í sumnum starfsgreinum getur verið nauðsynlegt að

- hafa lægra aldursmark, og er því gert ráð fyrir heimild til að taka lífeyri allt að premur árum fyrir. Ennfremur má fresta töku ellifeyris, slr. 4. málsgri.

Ákvæðið í 5. málsgri, um, að sjóðfélagi geti haldið áfram að ávinna sér réttindi eftir að taka ellifeyris er hafin, er óvenjulegt, en samskorar ákvæði er í frumvarpinu um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Í 2. málsgri. felst m. a., að sá, sem ávallt hefur greitt iðgjöld af grundvallaraunum eða í föstu hlutfalli við grundvallaraun, fær í ellifeyri 1,8% af meðallaunum síðustu 5 starfsárrna fyrir hvert iðgjaldagreiðsluárt allt að 30 árum.

#### Um 12. gr.

Í ýmsum lífeyrissjóðum fyrir fastlaunafólk er ekki gerð krafa um svo mikil orkutap sem hér er gert ráð fyrir. Í þeim sjóðum er hins vegar að öllum jafnaði auðvelt að synja kröfum um örorkulífeyri vegna minni háttar örorku, þar eða sýna má fram á, að sjóðfélaginn hafi haldið óskertum launum. Slik mál gætu hins vegar örðið erfiðari viðfangs í sjóðum þeim, sem þessi reglugerð er ætluð. Þess má geta, að í Noregi voru hugmyndir um að miða örorkulífeyri hins almenna lífeyriskerfis við 25% lágmarksorkutap, en horfið var frá því og í staðinn miðað við 50% lágmark, m. a. að ráði norskrá lækna, sem töldu 25% lágmark hljóta að valda erfiðleikum í framkvæmdum.

Algengast er nú, að því aðeins sé tekið tillit til framtíðarrettinda við úrskurðun örorkulífeyris, að rekja megi örorkuna til starfs sjóðfélagans. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkri takmörkun, og felst í þessu mikil réttarbót. Undantekning er þó gerð, ef rekja má orkutapið til ofnokunar átengis, deyfi- eða fíknilyfja, en gera má ráð fyrir, að örýrkjar, sem svo er ástatt um, verði óeðillega margin í sumum þeim sjóðum, sem hér um ræðir, þ. e. sjóðum með mikil af lausávinnufólkum innan vélbanda sínum.

#### Um 13. gr.

Ákvæðin um makalífeyri eru allfráhrugðin því, sem algengast er hjá íslenzkum lífeyrissjóðum. Gerður er munur á ekkjum og ekklum, en eins og sést af dænum þeim, sem synd eru í athugasemdum við 14. gr., verða heildargreiðslur samkvæmt 13. og 14. gr. eftirlifandi maka með börn, í mörgum tilvikum mun hærr til ekkla en ekkna, þótt ekkjum sé gert hærra undir höfði í 13. gr.

Um 14. gr.

Margir lífeyrissjóðir hafa á síðari árum tekið upp þau ákvæði um lífeyri með börnum, sem hér er gert ráð fyrir, enda getur myndzætt ærið misraemi í bótageiðslum, ef ekki er högð hljóðsíðin af hljóðstæðum bótum almennatrygginga.

Til göggunar á bótageiðslum samkvæmt 13. og 14. gr. og þeim greiðslum, sem bótapegar geta átt von á samanlagt frá almennatryggingum og lífeyrissjóði, skulu tekin eftirfarandi þrjú dæmi:

Bótajárhæðir almennatrygginga eru í samræmi við ákvæði stjórnarfrunvarps, sem nú liggur fyrir Alþingi. Makalifeyrir sjóðsins er reiknaður 27% (30 stig samanlagt fyrir áunnin og ókominn réttindatíma) af 120 þús. kr. árslannum.

Dæmi 1. Barnlaus hjón

	EKKJA	Á 1. ári	Eftir það	Á 1. ári	Eftir það
A. Frá alm. ir., ekkjub	—	—	—	—	—
B. Frá lífeyrissjóði	32.400	32.400	32.400	—	—
Alls A + B	46.587	32.400	32.400	—	—

Hér er gert ráð fyrir, að ekkjjan hafi náð 35 ára aldrí við fráfall mannsins. Hafi hún þá náð 50 ára aldrí, á hún rétt á ekkjulifeyri frá almennatryggingum til 67 ára aldurs, er ellifeyrir tekur við.

Dæmi 2. Hjón með 3 börn

	EKKJA	Á 1. ári	Eftir það	Á 1. ári	Eftir það
A. Frá almennatryggingum:				—	—
Ekkjubætur	46.101	—	—	—	—
Barnalifeyrir	59.580	59.580	—	—	—
Mæðralaun	43.128	43.128	—	—	—
Fjölskyldubætur	15.420	15.420	15.420	15.420	15.420
Samtals A	164.229	118.128	15.420	15.420	15.420

B. Frá lífeyrissjóði:

Makalifeyrir	32.400	32.400	—
Barnalifeyrir	29.790	29.790	89.370
Samtals B	62.190	62.190	121.770
Alls A + B	226.419	180.318	137.190

Dæmi 3. Hjón með 5 börn

	EKKJA	Á 1. ári	Eftir það	Á 1. ári	Eftir það
A. Frá almennatryggingum:				—	—
Ekkjubætur	—	46.101	—	—	—
Barnalifeyrir	—	99.300	99.300	—	—
Mæðralaun	—	43.128	43.128	—	—
Fjölskyldubætur	—	26.484	26.484	26.484	26.484
Samtals A	—	215.013	168.912	26.484	26.484

B. Frá lífeyrissjóði:

Makalifeyrir	—	32.400	32.400	—
Barnalifeyrir	—	49.650	49.650	148.950
Samtals B	—	82.050	82.050	181.350
Alls A + B	—	297.063	250.962	207.834

Tekið skal fram, að í dænum 2 og 3 er reiknað með, að hörnin séu innan 16 ára aldurs, en niðurstaða verður önnur, ef einhver þeirra eru á aldrinum 16—18 ára.

Sé um hotaskýlt vinnuslys að ræða, verða greiðslur almennatrygginga í öllum tilvikum hærra.

Í síðustu málsgrein 14. greinar, er með orðunum „að mestu eða öllu leyti“ átt við það, að barnalifeyrir skuli greiddur vega fósturbarns eða stjúpbarns, þótt framfærsla barnsins hafi að nokkru leyti verið kostuð af öðrum, t. d. með venjulegum meðlagi frá föður. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að sjóðurninn greiði hærri barnalifeyri en hann mundi greiða vegna barns og kjörbarns, enda er venjulega fyrir hendi réttur til meðlags vegna slíkra barna, ef ekki er greiddur vegna fyrir barnalifeyrir frá almanna-tryggingum.

Um 15. gr.

Um ákvæði þessarar greinar skírkotast til þess, sem að framan er sagt um 7. gr.

Um 16. gr.

Rét er að hafa skýr ákvæði um það í reglugerð, hverjar afleiðingar það hefur fyrir sjóðfelaga, að ið gjöldum er ekki skilað til sjóðsins, sbr. einnig ákvæði 4. málsgr. 9. gr. um vexti af iðgjöldum.

### Um 17. gr.

Í greininni felst allmikil takmörkun á rétti til endurgreiðslu iðgjaldar og afsali lífeyrissréttinda. Ýmis rök má færa fyrir takmörkun á endurgreiðslum. Í fyrsta lagi á folk erfitt með að meta, hvaða réttindum það afsalar sé, er það tekur við endurgreiðslu iðgjaldar. Í öðru lagi eru þess mörg dæmi, að reglum sjóða hefur verið breytt á þann veg, að réttindi, sem áður virtust lítil virði, hafa fengið aukið gildi, og í þriðja lagi er meiri ástæða til að takmarka endurgreiðslur, þegar þátttaka í lífeyrissjóðum er orðin svo almenn, að mestum hluta laumpega og vinnuveitenda, en oddamaður af Sjálfsgagt þykir að gera lífeyrissjóðum skyld að skila regulega þeim iðgjöldum, er ekki veita lífeyrissrétt.

### Um 18. gr.

Samhljóða ákvæði er í reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða. Þótt æskilegt sé, að ráðstafanir verði gerðar til að draga úr flutningum milli sjóða, sbr. 19. gr., er þörf fyrir heimild lífeyrissjóðstjórnar til að leyfa flutning, svo sem hér er gert ráð fyrir.

### Um 19. gr.

Erfitt er að gera sér fyrirfram fulla grein fyrir þeim tilvikum, er menn kunna að vera réttindalilir eða réttindalausr um stundarsakir vegna aðvinnubreytinga eða annarra orsaka. Einnig getur orðið um tvítryggingu að ræða, t. d. þegar maður greiðir iðgjöld til tveggja sjóða samtímis vegna hálfst starfs hjá tveimur fyrirtækjum, og háðir sjóðurnir tryggja barnalif. Eyri, sem er óháður iðgjaldasfjárhæðum. Hér er um það nýmæli að ræða, að gera megi samninga milli sjóða um þessi efni. Þar sem hér yrði um að ræða frávik frá örðrum ákvæðum reglugerðarinnar, er rétt að krefast samþykkis Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins á samningsákvæðunum.

Um 20. og 21. gr.  
Greinar þessar þarfast ekki skýringa.

### Um 22. gr.

Í reglugerðum lífeyrissjóðs eru yfirleitt ákvæði um skipun gerðardóms, ef sjóðsfelagi vill ekki una úrskurði sjóðstjórnar, enda getur reynzt bæði kostnaðarsamt og seinlegt að leggja mál fyrir almenna dómnstóla. Stundum er kveðið svo á, að hlutaðeigandi sjóðsfelagi og sjóðstjórn tilnefni hvor

um sig eim gerðardómsmann, en þess eru einnig mörg dæmi, að hlutað-eigandi stéttarfélag og samtök vinnuveitenda tilnefni hvor sinn mann í gerðardóm. Oddamaður er yfirleitt tilnefndur af fógeta (í Reykjavík, yfirborgardómara).

Mikið réttaröryggi og hagræði gæti að því orðið ef hægt væri að skjóta málum til gerðardóms, er varji sameiginlegur fyrir marga sjóði. Með þetta sjónarmið fyrir augum er gert ráð fyrir, að gerðardómsmenn verði til-nefndir af heildarsamtökum laumpega og vinnuveitenda, en oddamaður af Hæstarétti.

### Um 23. gr.

Ákvæði greinirinnar eru í samræmi við þá tilhögnum á eftirlaunagreiðslum til aldraðra félaga í stéttarfelögum, sem gert var ráð fyrir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 18. maí og áðurnefndu lagafrumvarpi um þetta efni.

### Um 24. gr.

Í 4. málsg. 5. gr. felst nokkur trygging fyrir því, að þau samtök, sem að lífeyrissjóði standa, fái tækifæri til vandilegrar athugunar á tillögum um breytingar á reglugerð sjóðsins. Óþarit er að taka fram, að sömu nauðsyn ber til að fá staðfestingu fjármálaráðuneytisins á slískum breytingum og upphaflegri reglugerð.

### Um ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 1. málsg. getur ekki átt við þá sjóði, sem hófu starfsemi 1. janúar 1970, heldur einungis þá sjóði, sem áður höfðu verið stofnaðir og hyggjast taka upp ákvæði reglugerðar þessarar.

Þeir hundraðshlutar iðgjældar, sem nefndir eru í 3. málsg., eru í samræmi við ákvæði sammingsins frá 19. maí 1969.

Reykjavík, 5. mars 1970.

### Skáttur sambandsfélag aðkvæðinn

Á fundi sínum 6. apríl samþykkti miðstjórn að skattur aðildarsamtaka fyrir árið 1970 yrði sem hér segir:

Af körlum kr. 125.00  
Af konum — 90.00

Jafnframt samþykkt að miða eftirlieðis við skatt 1. des. 1968 sem reikningsgrundvöll.

Ennfremur, að innheimtu skuli haga með sama hætti og samþykkt var á fundi miðstjórnar 22. maí 1969. (sjá bls. 45.).